Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis 2025-2026

Vináttufærni

- Ég, þú og við öll -

Verkefnabanki í félags-, samskipta- og vináttuþjálfun með áherslu á samkennd

Flataskóli

Verkefnastjóri: Katrín Anna Eyvindardóttir
Tengiliður skóla: Heiðveig Hanna Friðriksdóttir

Markmið með verkefninu

Helsta markmiðið með verkefninu var að búa til verkefnabanka með hagnýtum verkefnum sem nýtast í vinnu með nemendum á grunnskólaaldri. Verkefnin styðja vel við skólastefnu Garðabæjar þar sem lögð er áhersla á „að nemendur fái tækifæri til sjálfsþekkingar svo þeir geti notið sín sem einstaklingar“ þar er einnig lögð áhersla á félags- og samskiptafærni nemenda. Það er mikilvægt fyrir alla að þekkja og skilja eigin tilfinningar, geta sett sig í spor annarra og eiga í góðum samskiptum við aðra. Verkefnin miða að því að auka færni nemenda á þessum sviðum með áherslu á samkennd.

Verkefnabankinn skiptist í eftirfarandi kafla: Sjálfsvitund og sjálfsstjórn, tilfinningar, félagsvitund og vináttu, virðingu og framkomu, hlustun og samskipti, hrós og endurgjöf, samkennd og þakklæti. Sum verkefnin geta nýst með hópi, í lífsleiknikennslu eða á bekkjarfundum. Önnur eru hlutbundin og í spilaformi með það að markmiði að upplifun nemenda verði sú að þjálfun í fyrrnefndum þáttum geti verið skemmtileg og fjölbreytt.

Verkefnin miða að því að nemendur:

- öðlist aukna sjálfsþekkingu og færni í að þekkja og takast á við eigin tilfinningar,
- efli færni sína í samskiptum, vináttu og að setja sig í spor annarra,
- þjálfi samkennd, virðingu og jákvæða framkomu í samskiptum við aðra.

Undirbúningur og samstarf

Verkefnastjóri hefur starfað sem náms- og starfsráðgjafi í Flataskóla undanfarin tíu ár og hefur í starfi sínu fundið fyrir skorti á aðgengilegu og hagnýtu námsefni sem styður við félags-, samskipta- og vináttuþjálfun nemenda. Sú reynsla varð ein helsta kveikjan að verkefninu og lönguninni til að þróa fjölbreytt verkefni sem hægt væri að nýta með nemendum á grunnskólaaldri.

Samfélag barna og ungmenna hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum og samskipti þeirra fara nú að hluta til fram með öðrum hætti en áður. Með það í huga þótti mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á færni sem tengist samskiptum, félagsvitund og samkennd. Niðurstöður PISA 2022 styrktu enn frekar þá sýn, en þar mældust íslenskir nemendur undir meðaltali OECD-ríkja í samkennd. Því var ákveðið að samkennd yrði einn af rauðu þráðunum í verkefnabankanum og fléttaðist inn í ólíka efnisþætti hans.

Við undirbúning verkefnisins var leitað bæði innanlands og út fyrir landssteinana að hugmyndum, fræðslu og verkefnum á sviði félags- og tilfinningafærni. Verkefnastjóri kynnti sér meðal annars efni og áherslur erlendra skólanámsráðgjafa með aðgangi að faghópum námsráðgjafa í Bandaríkjunum. Sú vinna gaf tækifæri til að bera saman ólíkar nálganir og skoða hvaða áherslur og verkefni gætu hentað íslensku skólasamfélagi. Jafnframt var byggt á reynslu höfundar úr starfi með nemendum og samstarfi við annað fagfólk innan skólans. Verkefnastjóri

hafði áður þróað verkefnbanka sem snéri að geðrækt og vellíðan í samstarfi við tvo aðra náms- og starfsráðgjafa í Garðabæ, og hafði hann fengið mjög góðar viðtökur hjá starfsfólki grunnskóla víða um land. Sú reynsla varð hvatning til að þróa áfram hagnýtt efni fyrir skólastarf og beina sjónum sérstaklega að félagsfærni, samskiptum, vináttu og samkennd.

Í framhaldi af hugmyndavinnunni var sótt um styrk í þróunarsjóð Garðabæjar og fékk verkefnið styrk úr sjóðnum. Hugmyndavinna og undirbúningur hófst sumarið 2025 og hefur verkefnabankinn síðan verið þróaður og unninn jafnt og þétt í um eitt ár.

Framgangur og framkvæmd verkefnisins:

Vinna við verkefnið hefur staðið yfir jafnt og þétt frá því hugmyndavinna hófst sumarið 2025. Í upphafi var lögð áhersla á að safna hugmyndum, kynna sér efni og nálganir á sviði félags- og tilfinningafærni og móta þær áherslur sem verkefnabankinn skyldi byggja á. Samhliða því voru verkefni þróuð, aðlöguð og flokkuð eftir þeim efnisþáttum sem ákveðið var að leggja áherslu á.

Meðfram þróunarvinnunni hefur höfundur prófað fjölmörg verkefnanna með nemendum, bæði í einstaklingsviðtölum og hóptímum í náms- og starfsráðgjöf. Einnig hefur verkefnum verið deilt með umsjónarkennurum sem hafa nýtt þau meðal annars á bekkjarfundum. Þannig hefur verið hægt að prófa verkefnin við mismunandi aðstæður og með ólíkum nemendahópum.

Reynslan af framkvæmd verkefnanna hefur nýst við áframhaldandi þróun þeirra. Verkefni hafa verið endurskoðuð eftir þörfum, meðal annars með tilliti til orðalags, aldurs nemenda, fyrirmæla og þess hversu vel þau henta til einstaklings-, hóp- eða bekkjarvinnu. Mikilvægt er að verkefnin séu einföld í notkun fyrir fagfólk en jafnframt að þau höfði til nemenda og gefi þeim tækifæri til virkrar þátttöku, umræðna og ígrundunar.

Í þróunarferlinu hefur jafnframt verið lögð áhersla á fjölbreytni í verkefnavali. Auk hefðbundinna verkefnablaða inniheldur verkefnabankinn meðal annars samræðuverkefni, leiki, spil og verkefni sem byggja á samvinnu. Markmiðið með fjölbreyttri framsetningu er að auðvelda fagfólki að velja verkefni sem henta aldri, þörfum og aðstæðum nemenda hverju sinni.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Engar sérstakar hindranir komu upp við framkvæmd verkefnisins og vinnan gekk að mestu leyti samkvæmt upphaflegri áætlun. Umfang verkefnisins jókst þó nokkuð eftir því sem leið á þróunarvinnuna og fleiri hugmyndir og verkefni bættust við.

Afurðir verkefnisins


Meginafurðin er verkefnabókin *Ég, þú og við öll*. Hún skiptist í átta kafla; Sjálfsvitund og sjálfsstjórn, tilfinningar, félagsvitund og vináttu, virðing og framkomu, hlustun og samskipti, hrós og endurgjöf, samkennd og þakklæti. Í verkefnabankanum er að finna fjölbreytt verkefni

sem hægt er að velja úr eftir þörfum nemenda. Markmiðið er að upplifun nemenda verði sú að þjálfun í fyrrnefndum þáttum geti verið skemmtileg og fjölbreytt.


Árangur verkefnisins

Verkefnabókin *Vináttufærni* er hugsuð sem hagnýtt verkfæri sem fagfólk getur aðlagað að ólíkum nemendum, aldri þeirra og aðstæðum hverju sinni. Ég sé fyrir mér að náms- og starfsráðgjafar, kennarar, þroskaþjálfar og annað fagfólk sem vinnur með börnum geti nýtt efnið í starfi sínu, hvort sem unnið er með einstaklingum, minni hópum eða heilum bekkjum. Ég tel gríðarlega mikilvægt að félags- og tilfinningafærni barna sé kennd og þjálfuð markvisst, rétt eins og önnur færni. Börn þurfa tækifæri til að æfa sig í að þekkja eigin styrkleika og tilfinningar, setja sig í spor annarra, mynda vináttutengsl og viðhalda þeim, ásamt því að takast á við þær fjölbreyttu aðstæður sem upp koma í samskiptum við aðra. Í upphafi var lagt upp með að verkefnabankinn væri ætlaður nemendum á aldrinum 7–12 ára. Við þróun og prófun verkefnanna kom hins vegar í ljós að mörg þeirra geta einnig nýst nemendum á elsta stigi grunnskólans, ýmist óbreytt eða með einfaldri aðlögun að aldri og þroska. Notkunarmöguleikar verkefnabankans reyndust því vera víðtækari en gert var ráð fyrir í upphafi. Þessi þróun kallaði ekki á grundvallarbreytingar á verkefninu heldur jók fremur umfang þess og möguleika á nýtingu í skólastarfi.

Sýnishorn af verkefnum í verkefnabankanum:







Hvað er í verkefnabankanum?

- Verkefni fyrir einstaklinga, minni hópa og bekki eða bekkjarfundi.
- Samræðuverkefni og hlutverkaleikir.
- Verkefni um sjálfsstyrkingu, tilfinningar, vináttu, samskipti og samkennd.
- Leikir og skapandi verkefni sem styðja félagsfærni.

Lokaorð

Vinnan við verkefnið hefur verið bæði gefandi og skemmtileg og hefur gefið mér tækifæri til að kafa dýpra í þá fjölmörgu þætti sem verkefnið byggir á. Í vinnuferlinu varð mér enn betur ljóst hversu mikil þörf er fyrir aðgengilegt og hagnýtt efni sem snýr að félags-, samskipta- og vináttuþjálfun barna, ekki síst verkefnum þar sem sérstök áhersla er lögð á samkennd.

Við undirbúning og þróun verkefnisins leitaði ég töluvert út fyrir landssteinana eftir hugmyndum og fyrirmyndum. Ég fékk meðal annars aðgang að faghópum námsráðgjafa í Bandaríkjunum og gat þannig kynnt mér og mátað mínar hugmyndir við þær áherslur sem skólanámsráðgjafar þar leggja til grundvallar í starfi sínu. Sú vinna var bæði gagnleg og áhugaverð og gaf mér nýjar hugmyndir og sjónarhorn sem nýttust við þróun verkefnisins.

Þótt þessari þróunarvinnu ljúki formlega hér lít ég ekki svo á að verkefninu sjálfu sé lokið. Ég sé fyrir mér að efnið geti haldið áfram að þróast með aukinni notkun og reynslu og að ný verkefni geti bæst við eftir því sem nýjar þarfir og hugmyndir koma fram. Von mín er að Vináttufærni; *Ég, þú og við öll* verði lifandi verkfæri sem styður fagfólk í þeirri mikilvægu vinnu að efla félagsfærni, samskipti, vináttu og samkennd barna.

Sundurliðun styrks:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
30. september 2026	Laun eins verkefnastjóra	860.000 kr.
	Heildarupphæð styrks samtals:	**860.000 kr.**

30. september 2026,

_____

Katrín Anna Eyvindardóttir, verkefnastjóri

5. október 2026

_____

Heiðveig Hanna Friðriksdóttir, skólastjóri